

**KJARASAMNINGUR**  
**milli**  
**SFR – stéttarfélags í almannajónustu**  
**og**  
**Fríhafnarinnar ehf**

**1. gr.**

Síðast gildandi kjarasamningar framlengjast til 31. desember 2015 með þeim breytingum sem greinir í samningi þessum og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Gildistími samningsins er frá 1. maí 2014.

**2. gr.**

**Kaupliðir 2014**

Almenn launahækkun

Hinn 1. maí 2014 hækka laun um 2,8%.

Hinn 1. janúar 2015 hækka laun um 2,25%.

Um breytingar á launaflokkum í kjarasamningi vísast til fylgiskjals með samningnum.

**3. gr.**

Desember- og orlofsuppbót

*Desember- og orlofsuppbætur hækka samtals um kr. 32.300 frá síðast gildandi kjarasamningi.*

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 39.500.

Á árinu 2015 verður desember- og orlofsuppbót sú sama og í aðalkjarasamningum SA á almennum vinnumarkaði.

**4. gr.**

Þann 1. júní greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 80.000 m.v. fullt starf til þeirra starfsmanna sem voru í starfi þann 1. apríl 2014. Full uppbót greiðist til þeirra sem voru í fullu starfi í febrúar 2014, en hlutfallsleg til þeirra sem hafa styttri starfstíma eða skert starfshlutfall. Orlof er innifalið í eingreiðslu.

**5. gr.**

**Gr. 3.1. breytist svohljóðandi:**

Verslunarstjóri/vaktstjórar/deildarstjórar

Um laun fer skv. ráðningarsamningi.

**6. gr.**

Framlag í menntunarsjóð hækkar þann 1. júní 2014 um 0,1%.



7. gr.

**2. mgr. 5.4.2. verði svohljóðandi:**

Séu starfsmenn kallaðir til vinnu um nætur, innan við 3 klst. áður en hefðbundinn vinnutími þeirra hefst, fá þeir greiddar 3 klst.

8. gr.

Niðurstaða atkvæðagreiðslu skal kynna viðsejanda fyrir kl. 14:00 þann 20. maí 2014.

Reykjavík, 9. maí 2014

F.h. SFR – stéttarfélags  
í almannajónustu

*Árni St. Jónsson*  
*Ólafur Þ. Björnsson*  
*Ólafur Guðmundsson*  
*Ólafur Þ. Björnsson*  
*Ólafur Þ. Björnsson*

F.h. Friðhafnarinnar ehf.

*Ólafur Þ. Björnsson*  
*Alfheyður Svendsen*  
*Ólafur Þ. Björnsson*

### **Bókun 1**

Verði almenn hlutfallshækkun launa í aðalkjarasamningum SA við LÍV umfram 2,75% árið 2015 mun hækkun skv. 2. gr. aukast um mismuninn á almennri hlutfallshækkun þeirra samninga og 2,75%.

### **Bókun 2**

#### **um lífeyrismál með samningi SFR og SA vegna starfsmanna Fríhafnarinnar**

Í viðræðum samningsaðila hefur verið fjallað um þá áherslu SFR að félagsmenn sem starfa hjá Fríhöfninni eigi jafngildan aðgang að LSR og aðrir félagsmenn SFR sem vinna í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

SFR stéttarfélag og Fríhöfnin munu á samningstímabilinu vinna að samræmingu lífeyrisréttinda og bókun þessari er ætlað að auðvelda sátt um þessi réttindi. Á vettvangi samningsaðila verður unnið á þeim forsendum að sátt um fyrirkomulagið verði náð fyrir árslok 2015.

### **Bókun 3**

Í tengslum við fylgiskjal I frá 28. júní 2011

#### **Fríhafnarskólinn**

Starfsmenn fá tækifæri til að auka hæfni sína með því að sækja nám í Fríhafnarskólanum. Lágmarkspátttaka miðast við 10 fastráðna starfsmenn.

Þær breytingar eru gerðar á fylgiskjali 1 frá 28. júní 2011 að fyrstu 30 stundirnar (ein námslota) sem starfsmaður tekur skili honum 2%, eftir 60 stundir (tvær námslotur) þá 2,5% og eftir 90 stundir (3 námslotur) skilar námið 3% launahækkun.

Aut

AS

ADÓ

SR

## Fylgiskjal

Mánaðarlaun miðað við fullt starf verði sem hér segir:

<b>Sölumaður, lagermaður</b>	<b>1.5.2014</b>	<b>1.1.2015</b>
<b>Byrjunarlaun</b>	220.000	228.950
Eftir 1 ár	223.472	232.500
Eftir 3 ár	233.151	242.397
Eftir 5 ár	237.512	246.856
Eftir 7 ár	243.412	252.888
Eftir 10 ár	247.613	257.184

<b>Sölumaður með vaktstjórn</b>	<b>1.5.2014</b>	<b>1.1.2015</b>
<b>Byrjunarlaun</b>	252.837	262.526
Eftir 1 ár	268.887	278.937
Eftir 3 ár	279.752	290.046
Eftir 5 ár	285.500	295.924
Eftir 7 ár	292.864	303.453
Eftir 10 ár	297.942	308.646

<b>Skrifstofufólk</b>	<b>1.5.2014</b>	<b>1.1.2015</b>
<b>Byrjunarlaun</b>	270.975	277.072
Eftir 1 ár	285.581	292.007
Eftir 3 ár	296.496	303.167
Eftir 5 ár	302.893	309.708
Eftir 7 ár	310.861	317.855
Eftir 10 ár	316.518	323.640



AS  
ÓDÓ  
SK